



Fjölbrotaskóli Suðurlands
Haustönn 2019

MÁLM1VA05

Kennari: Magnús Tryggvason	Sk.st.	MT
-----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er sá að nemendur kynnist og vinni við mismunandi málmtegundir og læri að nota viðeigandi verkfæri. Nemendur læra að meðhöndla og beita helstu tækjum sem notuð eru í málmíðnaði, s.s. málband, tommustokk og rennimál. Nemendur temji sér góða umgengni um vinnustað og læri að gæta fyllsta öryggis.

NÁMSMAT.

Áfanginn er próflaus en mat verður byggt á frammistöðu nemenda á önninni

Þekkingarviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að þekkja:

- handverk sem notað er við almennar járnsmíðar
- undirstöðuþætti í notkun ýmissa handverkfæra
- ýmsar tegundir málma og vinnsluaðferðir málma
- hvernig best er að vinna með stál og meðhöndla það og forma
- mismunandi suðuaðferðir og valið hvaða suðuaðferð hentar best miðað við aðstæður

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- þekkja mismunandi stáltegundir
- stilla straum og vírhraða í venjulegum Mig/Mag vélum
- meta bestu suðuaðferðir miðað við efnisþykkt og o.f.l
- sjónmeta suður
- vinna með almenn verkfæri sem notuð eru við járnsmíðar

Námsmat: Virkni og mæting 60%, Vinnubrögð 40:%